

Reglugerð um kröfur um sjálfvirkt kerfi til að skiptast á fluggögnum milli flugstjórnardeilda.

1. gr. Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að mæla fyrir um kröfur um sjálfvirk skipti á fluggögnum að því er varðar tilkynningu, samræmingu og yfirfærslu upplýsinga um flug milli flugstjórnardeilda og að því er varðar samræmingu milli borgaralegra yfirvalda og hermálafyrvalda.

2. gr. Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um:

- a. fluggagnavinnslukerfi sem þjóna flugstjórnardeildum sem veita þjónustu fyrir almenna flugumferð,
- b. kerfi til að skiptast á fluggögnum sem styðja verklagsreglur fyrir samræmingu milli flugumferðarþjónustudeilda og herflugumferðarstjórnardeilda.

Þessi reglugerð gildir ekki um skipti á fluggögnum milli flugstjórnardeilda, þar sem notuð eru fluggagnavinnslukerfin sem skilgreind eru í 1. mgr., og þar sem fluggögnin, sem falla undir þessa reglugerð, eru samstillt með hjálp sameiginlegs kerfis.

3. gr. Orðskýringar.

Vísað er til frekari orða og orðskýringa en hér greinir í reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglugerð þessari hafa þau þá merkingu sem hér segir:

Loftrýmisreglugerðin (*Airspace Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á samevrópska flugumferðarsvæðinu. Sjá fylgiskjal IV með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Rammareglugerðin (*Framework Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku flugumferðarsvæði, sjá fylgiskjal II með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Rekstrarsamhæfisreglugerðin (*Interoperability Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar. Sjá fylgiskjal V með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Þjónustureglugerðin (*Service Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á samevrópska flugumferðarsvæðinu. Sjá fylgiskjal III með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

4. gr. Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB), með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1032/2006 frá 6. júlí 2006 um kröfur um sjálfvirk kerfi til að skiptast á fluggögnum að því er varðar tilkynningu, samræmingu og yfirfærslu upplýsinga um flug milli flugstjórnardeilda, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2006 frá 27. október

2006. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 77, 18. desember 2008, bls. 61.

- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 30/2009 frá 16. janúar 2009 um breytingu á reglugerð nr. 1032/2006 að því er varðar kröfur um sjálfvirk kerfi til að skiptast á fluggögnum til stuðnings gagnatengingaþjónustu, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2009 frá 25. september 2009. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 21, 29. apríl 2010, bls. 80.

5. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem er sett með heimild í 57. gr. a, 5. mgr. 75. og 76. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

[Hlekkur á stofnreglugerð með fylgiskjali á PDF formi.](#)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.